



## Vinnusmiðja # „Stoppað í götin - Hagtölur og tölfræði sem rannsóknagögn“

Vinnusmiðjustjórar: Daníel Svavarsson, skrifstofustjóri í menningar- og ferðamálaráðuneyti og Anton Örn Karlsson, deildarstjóri hjá Hagstofu Íslands.

Ritari: Anna Hildur Hildibrandsdóttir, fagsstjóri skapandi greina við Háskólann á Bifröst.

Markmið vinnustofunnar var að ræða mikilvægi markvissrar og reglubundinnar gagnaöflunar og birtingu hagtalna um menningu og skapandi greinar (culture and creative industries). Þátttakendur ræddu einnig hvers konar gagna er þörf til að fylgjast með vexti og viðgangi atvinnugreinarinnar, sem og samþættingu aðferðafræði við öflun gagna við nágrannalönd. Einnig var rætt um mikilvægi þess að rýna (tölfræði) gögn til gagns og ólíkar leiðir. Skoðað var sérstaklega hvaða gögn þarf að afla reglubundið um menningu skapandi greinar og setja fram í mælaborði til að sjá hvernig atvinnuvegurinn er að þróast og hvernig mismunandi aðferðafræði við öflun gagna getur veitt dýpri innsýn í atvinnuvegin, mismunandi greinar innan hans og þeirra sem við þær starfa. Þá var rýnt hvaða skilgreiningu á menningu og skapandi greinum æskilegt sé að nota fyrir hagtölur.

Þátttakendur voru sammála um að Hagstofan þyrfti að styðjast við alþjóðlegar skilgreiningar, eins og t.d. flokkunarkerfi Eurostat, til að tryggja samanburðarhæfni útgefinna hagtalna við önnur lönd. Út frá hlutverki Hagstofunnar er því mikilvægt að skoða og fara eftir þeim alþjóðlegu skilgreiningum sem liggja fyrir og hún þarf að vinna eftir.

Það var hins vegar bent á mikilvægi þess að skilgreiningar sem stuðst er við sé hægt að nota til að greina mismunandi þætti innan menningar og skapandi greina og milli greina innan hans, s.s. tónlist, myndlist, leikjageira. Þannig getur t.d. í heimsfaraldri skapast mjög mismunandi aðstæður fyrir mismunandi geira innan skapandi greina sem gott er fyrir stjórnvöld og hagaðila að geta áttað sig á til að geta komið fram með mismunandi viðeigandi úrræði.

### 1. Hvaða skilgreiningu á menningu og skapandi greinum er æskilegt að nota fyrir hagtölur.

Varðandi hvaða skilgreiningar á menningu og skapandi greinum væri æskilegt að nota voru þátttakendur sammála um að Hagstofan þyrfti að styðjast við alþjóðleg flokkunarkerfi og staðla eins og t.d. Eurostat til að geta miðlað hagtölum sem eru sambærilegar yfir tíma og samanburðarhæfar við önnur lönd. Út frá hlutverki hagstofunnar er því mikilvægt að skoða og fara eftir alþjóðlegum skilgreiningum og flokkunarkerfum.

Á sama tíma er mikilvægt að það sé að hægt sé að horfa til ólíkra þátta sem standa að baki skilgreiningunni. Dæmi um þetta eru áhrif Covid 19 á menningu og skapandi greinar. Heimsfaraldurinn hafði þannig mjög ólík áhrif á tölvuleikjageirann og sviðslistamenn. Tölvuleikjageirinn óx á meðan sviðslistir lömuðust. Það er því mikilvægt að kerfið sem byggt er gefi svigrúm til að skoða greinarnar sem standa á bak við skilgreiningar um menningu og skapandi greinar með það í huga hversu ólík rekstrarform og rekstrarafkoma getur verið.



## 2. Hvort er mikilvægara að tryggja samanburðarhæfni hagtalna um menningu og skapandi greinar við önnur lönd eða hámarka nákvæmni mælinga fyrir Ísland.

Það mikilvægasta í þessu sambandi er að Hagstofan fylgi alþjóðlegum stöðlum og flokkunarkerfum við miðlun hagtalna og að fólk geti treyst gögnum sem koma frá henni. Í umræðunni kom eftirfarandi fram:

- Tölur Hagstofunnar ná ekki nægilega vel utan um ákveðna geira innan skapandi greina og var tölvuleikjajafnaðurinn sérstaklega nefndur í því samhengi.
- Bæta má gæði gagna með auknu samstarfi við hagsmunasamtök sem þekkja starfsemi sinna starfsgreina í þaula.
- Mikilvægt er að Ísland sé samanburðarhæft við önnur lönd og geti skilað gögnum inn í þar til gerða gagnagrunna sbr. Eurostat.
- Ein hugmynd sem kom fram var að gera hliðarreikninga fyrir skapandi greinar. Í því felst t.d. að meta sérstaklega hlut skapandi greina í landsframleiðslu á ársgrundvelli meðal annars út frá vinnuafli, fjárfestingum auk annarra hagtalna sem hægt væri að vinna úr þjóðhagsreikningum. Gögn af því tagi myndu nýtast rannsóknasetri fyrir frekari rannsóknir eða við þróun ákveðinnar tölfræði sem talin er nauðsynleg eða grundvöllur tiltekinna rannsókna. Þannig er hægt að nýta gögn frá ólíkum aðilum og taka gögn úr gagnagrunni Hagstofunnar sem eru afmörkuð fyrir ákveðnar rannsóknir. Hins vegar er á þessum tímamarki fullkomlega óljóst hvenær Hagstofan gæti ráðist í slíka vinnu, ef af yrði.

## 3. Hvaða mælingar eru mikilvægastar ef setja ætti upp mælaborð fyrir starfsgreinar menningar og skapandi greina.

Þátttakendur vildu ekki skilgreina mikilvægi eins þáttar umfram annan. Hins vegar var bent á að hagaðilar, s.s. stjórnvöld, samtök og háskólastofnanir gætu unnið með tilvonandi rannsóknasetri og Hagstofunni í að skilgreina og koma á framfæri gögnum varðand ákveðna þætti. Þetta myndi tengjast rannsóknáherslum tilvonandi Rannsóknaseturs skapandi greina.

Bent var á mikilvægi þess að hægt sé að treysta gögnunum og greina þau í einingar eða eindir sem lýsa ákveðnum veruleika. Anton nefndi sem dæmi um mælaborð Velsældarvísa sem eru núna í þróun. Tímasetning væri góð fyrir skapandi greinar að koma á framfæri atriðum sem gætu farið þar inn.